

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 16. febrúar 2016  
UST201602-015/B.S.  
08.12.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Eggjabú - Brúnegg á Kjalarnesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í framkvæmdinni felst að núverandi svínahúsum í Brautarholti sem eru tæplega 2.600 m<sup>2</sup> að flatarmáli verður breytt þannig að unnt verði að hýsa þar um 20.550 varphænur og 15.000 hænuunga í uppeldi og verða eldisstæði því alls 35.5000.

Að hluta til verður gert ráð fyrir eggjaframleiðslu undir vistvænum formerkjum.


Svokölluðum Aviary-búnaði verður komið fyrir, en með slíkum búnaði er unnt að dreifa hænum betur um húsin og fjarlægja regluleg hluta hæsnaskíts sem til fellur og draga með þeim hætti úr lyktarmengun frá húsunum.


Hænsaskítur verður geymdur í haugþró þar til honum verður dreift á tún en í Brautarholti eru tún um 70 ha. Samkvæmt viðmiði í reglum um góða búskaparhætti frá 2002 þarf um 15-17 ha lands til að taka við þeim hæsnaskít sem falla mun til í umræddu eggjabú.

Frárennsli verður í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Fyrirhugað eggjabú er minna en þau viðmiðunarbú sem falla undir fjarlægðarmörk reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri